

Kennsluáætlun haust 2022

Íslenska 2. bekkur

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámsskrá Grunnskóla og skólanámsskrá Grunnskóla Grindavíkur

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar. Kennarar eru: Gísli Benedikt Gunnarsson, Magnea Ósk Böðvarsdóttir og María Eir Magnúsdóttir

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	ANNAÐ
<p>22. – 26.ágúst</p> <p>Skólasetning/viðtöl</p> <p>23.ágúst</p>	<p>Upprifjun samlagning og frádráttur, tugur og eining. Tölur upp í 100. Flokkun í tugi, að telja yfir tug/tugi, röðun talna, heiti og ritun.</p>	<p>Upprifjun á viðfangsefnum fyrra skólaárs.</p>	<p>Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Þekki tugi og einingar. Geti skipt tveggja stafa tölu í tug og einingar. Geti sameinað tug og einingar í tveggja stafa tölu. Geti lagt saman tveggja stafa tölur. Geti dregið frá tveggja stafa tölur. Geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp í 100. Þekki táknin fyrir samlagningu, frádrátt og jöfnuð.</p>
<p>29. ágúst – 8.sept.</p>	<p>Samhverf form og myndir í nánasta umhverfi/hlutum daglegs lífs. Að búa til samhverfar myndir. Að finna speglunarás. Að vinna með mynstur og búa til eigið mynstur.</p>	<p>Nemendur læra að þekkja tvívið samhverf form, myndir og sýna speglunarás. Auk þess læra nemendur að búa til samhverf mynstur, talnamynstur ofl.</p>	<p>Sproti 2b Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Geti búið til samhverfar myndir Geti fundið speglunarás Námsmat: Samhverf form og myndir – verkefni metið. Könnun – speglunarás og mynstur.</p>

<p>9. – 30. sept.</p> <p>Starfsdagur mán 19.sept.</p>	<p>Tvöfaltt meira – helmingi minna. Sléttar tölur og oddatölur. Að tvöfalda og helminga fjölda. Að tvöfalda og helminga ýmislegt tengt daglegu lífi. Að geta skipt í tvo jafna hluta.</p>	<p>Nemendur læra um hugtökin að helminga og tvöfalda. Kennsla fer fram í tengslum við fjölda, lengd, peningaupphæðir og stærðir. Hugtakið helminga tengist einnig samhverfu. Þekki sléttar- og oddatölur. Nemendur skoði fjölda og kanni hvort hægt sé að skipta í tvo jafna hluta.</p>	<p>Sproti 2b Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Geti tvöfaldað fjölda Geti helmingað fjölda Vinni með og læri um hugtakið sléttar tölur Vinni með og læri um hugtakið odda tölur</p> <p>Námsmat: Könnun – sléttar tölur og oddatölur, helmingi minna og tvöfalt meira.</p>
<p>3. – 14. okt.</p>	<p>Flatarmál og ummál. Að mæla fleti og ummál með ýmsum óstöðluðum mælieiningum. Að bera saman stærð flata og ummál. Að finna flatarmál og ummál með því að telja rétt. Að finna flatarmál og ummál með rúðuneti. Að mæla hluti með reglustiku, málbandi og öðrum mælitækjum bæði sentimetra og metra.</p>	<p>Nemendur læra að bera saman stærð flata, einkum með því að mæla þá með óstöðluðum mælieiningum. Þeir læra að tilgreina stærð með tölum og mælieiningum, t.d. „20 reitir“. Þeir munu einnig læra að mismunandi hlutir eða myndir geta haft sama flatarmál. Nemendur læri að nýta sér reglustiku og málbönd svo og önnur mælitæki til að mæla sm og m.</p>	<p>Sproti 2b Hlutbundið efni Efni frá kennara varðandi ummál</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Geti fundið flatarmál marghyrninga með því að telja rúður eða reiti Geti fundið ummál marghyrninga með því að telja rúður og reiti.</p> <p>Námsmat: Könnun – flatarmál Verkefni – ummál og mælingar með reglustiku/málbandi</p>
<p>17. okt. – 11. nóv.</p> <p>Þemadagar 19. – 21. okt. Vetrarfrí 24. – 25. okt.</p>	<p>Tölur uppí 100. Að telja upp í 100, röðun talna, heiti og ritun. Að skrá heila tugi. Að skipta peningaupphæðum í tíukrónupening og krónupeninga. Að merkja tölur á réttan stað á talnalínu. Að leggja saman tugi, samlagning tveggja stafa talna. Samlagning með því að nota tugi og einingar. Frádráttur tveggja stafa talna. Frádráttur með því að nota tugi og einingar. Samlagning og frádráttur með því að nota talnalínu.</p>	<p>Fjallað er ítarlega um tölur upp í 100, bæði með því að nota talnalínuna og með því að skipta tölum í tugi og einingar. Peningar notaðir sem áþreifanleg hjálpartæki. Einnig eru notaðir sætisgildakubbar og hundraðtafla. Nemendur fást við að fara yfir tug á áþreifanlegan hátt. Nemendur æfa sig í að reikna og setja upp samlagningar og frádráttardæmi.</p>	<p>Sproti 2b Verkefnahefti Ljósrituð gögn Hlutbundin gögn ofl.</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp í 100 þekki tugi og einingar Átti sig á að talnahúsið og samhengið innan þess stækkar Geti skipt tveggja stafa tölu í tugi og einingar Geti sameinað tugi og einingar í tveggja stafa tölur Geti dregið frá með tveggja stafa tölu Geti lagt saman með tveggja stafa tölum Geti fundið duldar tölur Geti talið peninga og skráð viðkomandi upphæð Viti hvað talnalína er Viti hvernig merkja á tölur á talnalínu</p> <p>Námsmat: Könnun – tölur upp í hundrað – tugur eining, samlagning og frádráttur.</p>

<p>14. nóv. – 2. des.</p> <p>22. nóv.</p> <p>starfsdagur</p>	<p>Marghyrningar, hringir, rúmfræðiform og þyngd. Hugtakið marghyrningur og merkingu þess. Nöfn og eiginleikar sívalninga, ferstrendinga, kúlna og píramída. Þekkja þessi form í umhverfi sínu, í daglegu lífi og á myndum. Þyngd hluta og magn.</p>	<p>Nemendur læra að þekkja og lýsa þrívíðum formum og hlutum eins og sívalningum, ferstrendingum, kúlum og píramíðum. Nemendur þurfa að þekkja ákveðna eiginleika þessara forma og þekkja þau á myndum. Nemendur eiga enn fremur að læra hvernig þessir hlutir eru byggðir upp af tvívíðum flötum. Loks eiga nemendurnir að læra að nota hugtök eins og horn, hliðarbrúnir og hliðarfletir þegar þeir lýsa þrívíðum hlutum. Nemendur geti borið saman þyngd mismunandi hluta og áttað sig á því að magn og þyngd fer ekki endilega saman.</p>	<p>Sproti 2b (kafli 13 og 14) Eining 3 Stærðfræði undir berum himni Hlutbundin gögn Ljósrituð gögn og</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: þekki tvívíð og þrívíð form Geti borið saman þyngd mismunandi hluta Áttar sig á að magn og þyngd fer ekki alltaf saman. Geti gert óformlegar rannsóknir á tvívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu. Geti gert óformlegar rannsóknir á þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu. Námsmat: Könnun – tvívíð og þrívíð form</p>
<p>5. – 19. des.</p> <p>Litlu jól 19. des.</p>	<p>Jólastærðfræði</p> <p>Unnið með viðfangsefni vetrarins á fjölbreyttan hátt</p>			
<p>Jólafrí</p>				

<p>2. – 27. Janúar</p> <p>Jólafrí 2.jan</p> <p>Starfsdagur 3.jan</p>	<p>Reikningur Tugir og einingar. Að skipta tveggja stafa tölum í tugir og einingar. Samlagning með því að nota tugir og einingar. Frádráttur með því að nota tugir og einingar. Leysa orðadæmi.</p>	<p>Nemendur kynnst betur tölum upp í 100, einkum til að læra aðmynda tugir. Þeir læra að þróa með sér og nota ýmsar aðferðir til að leysa samlagningar- og frádráttardæmi á þessu talnasviði, bæði með því að styðjast við talnalínuna og með því að mynda tugir. Þeir leysa orðadæmi og kynnst því hvernig reikningur tengist daglegu lífi.</p>	<p>Sproti 2b Kafli 12. Ljósrituð gögn Hlutnundin gögn ofl</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: Geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur frá 0 upp í 100 og unnið með á sem fjölnreyttasta hátt þekki tug og einingar Geti skipt tveggja stafa tölu í tug og einingar Geti sameinað tugir og einingar í tveggja stafa tölur Geti lagt saman tveggja stafa tölur Geti dregið frá tveggja stafa tölur Átti sig á því að talnahúsið stækkar og samhengi innan þess Geti notfært sér ýmisgögn eins og vasareikni, talnagrind, kubba og fl. Viti hvað talnalínan er Viti hvernig merkja á tölur á talnalínu Geti leyst einföld orðadæmi Geti leyst verkefni er varða daglegt líf Geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni. Námsmat: Könnun – tugir og einingar, samlagning og frádráttur</p>
<p>30. janúar - 10. Febrúar</p> <p>Samskiptadagur 1. febrúar</p>	<p>Upplýsingar og tölfræði.</p>	<p>Nemendur læra að safna upplýsingum, flokka þær og skrá. Áhersla er lögð á að þeir búi til og lesi úr súluritum. Einnig læra nemendur að nota talningastrik þegar fjöldi er talinn í stórum söfnum.</p>	<p>Sproti 3a – kafli 1 bls. 2-11 Hlutbundin vinna, raunverkefni.</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u> Að nemandi: geti safnað gögnum og skráð í tíðnitöflu geti sett upp á myndrænan hátt t.d. í súlurrit geti lesið upplýsingar úr einföldum myndritum geti leyst verkefni er varðar daglegt líf þeirra geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga Einstaklingskönnun bls.13 (3a).</p>

<p>13. – 28. Febrúar</p> <p>24. – 25. Febrúar Vetrarfrí</p>	<p>Margföldun</p> <p>Margföldun I</p> <p>Margföldun í tengslum við daglegt líf sem endurtekin samlagning.</p> <p>Upprifjun og lokið við að vinna upp það sem þarf. Lokið við námsmat.</p>	<p>Margföldun er kynnt, fyrst sem endurtekin samlagning og síðar sem hopp á talnalínunni. Að lokum læra nemendur um margföldum með því að nota rúðunet. Nemendur fást við ein-, tví-, þrí-, fjór-, fimm-, sex-, og tíutöfluna. Nemendur æfa sig í að reikna og setja upp margföldunardæmi.</p>	<p>Sproti 3a</p> <p>Ljósrituð gögn</p> <p>Hlutnundin gögn ofl</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u></p> <p>Að nemandi:</p> <p>Geti tvöfaldað fjölda</p> <p>Viti hvað talnalínan er</p> <p>Viti hvernig merkja á tölur á talnalínu</p> <p>Þekki táknið fyrir margföldun</p> <p>Kynnist 0*, 1*, 2*, 3*, 4* 5* og 10* töflunum</p> <p>Námsmat: Könnun – margföldun</p>
<p>1. – 31. mars</p> <p>16. mars Árshátíð</p> <p>14. mars Dagur stærðfræðinnar</p>	<p>Þriggja stafa tölur</p> <p>Samlagning og frádráttur</p> <p>Taka til láns og geyma</p> <p>Hundraðtaflan</p>	<p>Nemendur læra að tákna þriggja stafa tölur á mismunandi vegu.</p> <p>Áhersla á að leggja saman og draga frá tölur, geyma og taka til láns. Setja upp dæmi og reikna í rúðustrikaða reikningsbók. Allt er þetta byggt á sætiskerfinu og áfram æft að skipta einingum í tugi og öfugt og tugum í hundruð og öfugt.</p>	<p>Sproti 3a – kafli 2 bls. 16-39</p> <p>Ljósritað efni</p> <p>Hlutbundin vinna</p> <p>Gögn frá kennara</p> <p>Ýmis æfingadæmi af skólavef</p> <p>Gagnvirkt efni af nams: Talnavitinn, Í undirdjúpunum samlagning/frádráttur Talnaferningur</p>	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Að nemandi:</p> <p>geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp að 1000</p> <p>þekki talnahúsið og átti sig á að það stækkar</p> <p>þekki samhengið sem er innan talnahússins</p> <p>þekki einingar, tugi og hundruð</p> <p>geti skipt þriggja stafa tölu í hundruð, tugi og einingar</p> <p>geti lagt saman með þriggja stafa tölu</p> <p>geti dregið frá með þriggja stafa tölu</p> <p>þekki táknið fyrir samlagningu, frádrátt og jöfnuð</p> <p>geti fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar</p> <p>Einstaklingskönnun bls. 36 (3a).</p>
<p>2. – 10. apríl</p> <p>Páskafri</p>				

<p>11. – 28. apríl</p> <p>19. apríl starfsdagur</p> <p>20. apríl sumardagurinn fyrsti</p> <p>21. apríl starfsdagur</p>	<p>Tíminn</p>	<p>Nemendur læra að lesa og skrá hvað klukkan er. Nemendur tilgreina tímasetningar munnlega. Einnig læra þeir hvernig sólarhringurinn skiptist í 2x 12 klukkustundir. Nemendur læra heiti og röð vikudaga og mánaða.</p>	<p>Ljósritað efni</p> <p>Hlutbundin vinna, raunverkefni</p> <p>Gögn frá kennara</p> <p>Gagnvirkt efni af mms: Klukkan</p>	<p><u>Hæfniviðmið</u></p> <p>Að nemandi:</p> <p>Geti sagt til um hálfan tímann á klukku.</p> <p>Geti sagt til um heila tímann á klukku.</p> <p>Viti að sólarhringurinn skiptist í 24 klst.</p> <p>Viti hvað margir mánuðir eru í einu ári.</p> <p>Þekki rétta röð vikudaganna.</p> <p>Þekki rétta röð mánaðanna tólf.</p>
<p>2. maí – 2. júní</p> <p>2. maí Mörtuganga</p> <p>17. maí íþrótt og leikjadagur</p> <p>18. maí Uppstigningardagur</p> <p>29. maí Annar í Hvítasunnu.</p> <p>2. júní Vorhátíð</p>	<p>Upprifjun og lokið við að vinna upp það sem þarf. Lokið við námsmat. Farið yfir margföldunartöflur</p>			<p>Lokið við námsmat skv. hæfnikorti. Metið hvort nemendur kunni 0x, 1x, 2x, 3x, 4x, 5,x og 10 x töflurnar</p>

Lykilhæfni er hluti af námsmati sem afhent er við annarlok.

Markmið sem unnið er með allt árið:

- Geti notfært sér ýmiss gögn eins og smáhlutasöfn, vasareikni, talnagrindur, peninga og fleira.
- Geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni.
- Geti leyst einföld orðadæmi.
- Þjálfist í að setja fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðipækkingu sína.
- Geti leyst verkefni sem varða daglegt líf.
- Geti kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Geti undirbúið og flutt stutta kynningu á eigin vinnu með stærðfræði.